

gagnstefndum hafi verið nauðsynlegt að rýma húsnæðið fyrr en 1. okt. (sbr. álit fulltrúa í utanríkismálaráðuneytinu á réttarskjali nr. 3). Samkvæmt þessu svo og vegna þess, að gagnstefndur hefur ekki fært fullar sönnur á, að gagnstefnandi hafi fengið leigu fyrir umrætt tímabil greidda af öðrum, verður að taka kröfu gagnstefnanda í gagnsök til greina að öllu leyti nema því, að rétt þykir, að vaxtakrafa í gagnsök og aðalsök fallist í faðma. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 662.00 (792.00 ÷ 130.00) með 5% ársvöxtum frá 15. nóv. 1940 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað í aðalsök.

Þar sem nokkur gögn skorti í málinu, varð að endurupptaka það. Vegna þessa svo og af þeim sökum, hve kveða hefur orðið upp dóma í mörgum munnlega fluttum málum, hefur dómur þessi eigi getað orðið upp kveðinn fyrr en nú.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Filippus Guðmundsson, greiði aðalstefnandanum, Sophus Jensen, kr. 632.00 með 5% ársvöxtum frá 15. nóv. 1940 til greiðsludags og kr. 120.00 í málskostnað í aðalsök, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1942.

Nr. 105/1941. Útgerðarfélag K. E. A. h/f.

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason).

Kostnaður af för skipshafnar hingað til lands lagður á ríkissjóð samkvæmt 41. gr. laga nr. 41/1930.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 23. des. 1941 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10294.18 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi héraðsstefnu 30. maí 1941 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem fram er komið í málinu og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja skipið Snæfell hafa af óviðráðanlegum ástæðum verið tekið úr þjónustu áfrýjanda um ófyrirsjáanlegan tíma. Átti því heimfararkostnaður skips-hafnarinnar að greiðast úr rikissjóði samkvæmt 2. sbr. 1. mgr. 41. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930. Ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina, enda hefur upphæð hennar ekki verið sérstaklega andmælt fyrir hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði áfrýjanda, Útgerðarfélagi K. E. A. h/f, kr. 10294.18 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er upphaflega höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 30. maí s. l., en eftir að gagnasöfnun þar var lokið, urðu aðiljar ásáttir um, að málið yrði flutt og dæmt í bæjarþinginu. Stefnandi, h/f. Útgerðarfélag K. E. A., Akureyri, hefur upphaflega gert þær réttarkröfur, aðallega að stefndur fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs yrði dæmdur til að greiða kr. 17104.55, en til vara kr. 10294.18, hvorttveggja ásamt 6% ársvöxtum frá 27. júní 1940 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða skv. mati réttarins. Við hinn munnlega málflutning hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þá lund, að

stefndur verði dæmdur til að endurgreiða kr. 10294.18, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. jan. 1941 til greiðsludags og málskostnað, eins og fyrr segir.

Stefndur krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður; til vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð í kr. 6322.32, vextir ákveðnir 5% p. a. og reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 23. marz 1940 hafi e/s Snæfell, sem var eign stefnanda, farið á stað frá Akureyri til Gautaborgar til þess að lesta þar gjarðajárn. Hinn 4. apríl var lokið við fermingu þessa, og hélt skipið þá til Kristianssands í Noregi til þess að lesta þar tunnuefni, borðvið og sement. Hinn 9. apríl, er Þjóðverjar gerðu innrás sína í Noreg, var aðeins búið að lesta nokkuð af sementinu. Við árás þá, sem gerð var á Kristianssand, skemmdist skipið nokkuð, og var viðgerð lokið þann 7. maí. Sama dag var fermingu haldið áfram og lokið við fermingu tunnuefnisins þann 9. s. m. Þann 10 maí fréttist um hernám Breta á Íslandi, og var þá hætt við fermingu kassaefnisins og það flutt í land, sem fermt hafði verið af því. Stefnandi kveður Vilhjálmi Finsen sendiráðsfulltrúa hafa unnið að því að fá leyfi til, að skipið mætti sigla með farm sinn til Íslands, en þann 22. júní 1940 hafi komið synjun þess. Þó hafi tekizt að fá leyfi til að sigla skipinu til Svíþjóðar með þann farm, sem um borð var. Hafi skipið komið til Lysekil í Svíþjóð þann 25. júní og síðan hafi skipið legið í Svíþjóð. Telur stefnandi, að skipið hafi þannig verið tekið úr þjónustu útgerðarinnar af óviðráðanlegum ástæðum um ófyrirsjáanlegan tíma.

Er v/s Esja sótti Íslendinga á Norðurlöndum til Petsamo siðastliðið haust, var einnig fengið far fyrir skipshöfn e/s Snæfells, að undanteknum skipstjóranum, sem að sögn stefnanda var skilinn eftir til að lita eftir skipinu. Telur stefnandi sig hafa greitt í ferðakostnað og fæðispeninga skipshafnar alls kr. 10294.18, sem nú er kröfuupphæð stefnanda, eins og áður er getið. Kaup skipshafnar og stríðsáhættupóknun telur stefnandi hafa numið kr. 6810.37, en þá kröfu hefur hann tekið aftur, eins og fyrr er vikið að. Telur stefnandi, að skv. 41. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930 beri stefnda skylda til að endurgreiða sér nefnda upphæð, en þar sem hann hafi reynzt ófáanlegur til þess, sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á því, að hin tilvitnaða grein sjómannalaganna geti ekki átt við tilvik það, sem hér um ræðir, þegar af þeirri ástæðu, að ekki sé fullnægt því skilyrði greinarinnar, að skipið hafi verið „af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarinnar um ófyrirsjáanlegan tíma.“

Stefnandi heldur því fram, að sér hafi, eins og á stóð, verið ómögulegt að hafa á hendi stjórn skipsins eða eftirlit með því.

Skipinu hafi verið meinað að sigla inn á svæði, þar sem það hefði getað komið undir yfirstjórn útgerðarinnar, og eins hefði verið ástatt, þótt skipið hefði mátt sigla um þýzk yfirráðasvæði, en það telur stefnandi og útilokað með skirskotun til framlagðs simskeytis um þetta efni, svo og þess, að skipshöfnin hefði ekki fengið tryggð í Svíþjóð.

Að áliti réttarins þykir þó hvorki nefnt simskeyti veita óyggjandi upplýsingar um þessi efni, né heldur vera útilokað, að trygging skipshafnar hefði fengið annars staðar. Og þegar tekið er tillit til þess, að skipið fékk að sigla frá Noregi til hlutlauss lands, Svíþjóðar, og, að því er virðist, til hvers þess staðar þar, er útgerðin kaus, að því er ómótmælt haldið fram, að skeytasamband hafi verið og sé við Svíþjóð, að unnt sé og hafi verið að yfirfæra gjaldeyri þaðan og þangað, og síðast en ekki sízt, að stefnandi hefur selt skipið frjálsri sölu þar ytra, og að því er ómótmælt er haldið fram, fyrir hátt verð, þá þykir stefnandi ekki hafa verið sviptur þeim umráðum yfir skipinu, að nefnt orðalag 41. gr. sjómannalaganna nái þar til. Þegar af þessari ástæðu þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, hvernig sem annars yrði litið á greiðsluskyldu rikissjóðs í þeim tilfellum, sem greinin á við. Eftir atvikum og þá sérstaklega með tilliti til þess, að stefnandi hefur allt fram til hins munnlega málflutnings haft uppi mjög hæpna kröfugerð að ýmsu leyti og þar með bakað stefnda aukna fyrirhöfn og aukinn kostnað við málareksturinn, þá þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Útgerðarfélags K. E. A. h/f., í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.